

Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar 2015

Hugleiðingar forstöðumanns í sumarlok

Sumarið 2015 gekk ágætlega, en heldur færri unglingar voru við störf hjá vinnuskólanum en síðustu sumur. Að hluta til er ástæðuna að finna í fækkun ungmenna á svæðinu en einnig virtust ungmenni geta fengið vinnu víða í sumar.

Vinnuskólinn hefur átt í góðum samskiptum við ýmsar stofnanir og félög um vinnuuppeldi unglunga og hafa þeir getað sóst eftir að fá að sinna sérverkefnum. Reynt var að koma þeim sem sóttu um sérverkefni í slíkt, en það fór einnig eftir umsögn flokkstjóra og hvenær umsókn var skilað inn hvort hægt var að verða við þessum óskum. Duglegir unglingar gengu fyrir í sérverkefni og var það mörgum hvatning til að standa sig.

Unglingarnir stóðu sig upp til hópa mjög vel og fengu þau umsagnir og einkunn fyrir vinnu sína. Við teljum að það hafi hvetjandi áhrif á það hvernig þau sinna vinnunni. Þetta kerfi var í notkun áttunda sumarið í röð og er að slípast vel til. Nú eru unglingar farnir að sækja meðmæli til forstöðumanns og óska eftir að fá að setja nafn og símanúmer hans á ferilskrá sína.

Áætlaður kostnaður við Vinnuskólann árið 2015 var kr. 20.096.695 þar sem færri sóttu vinnuskólann í sumar en áætlað var er staða deildarinnar nokkuð góð og skila afgangi upp á tæpar fimm milljónir.

Lítið var endurnýjað af tækjum og verkfærum og þarf að gera það næsta vor. Ekki er búið að skrá stöðu verkfæra og birtist því einungis listi síðustu ára hér.

Í lok skýrslunnar eru hugleiðingar yfirflokkstjóra varðandi næsta sumar en kominn er tími á breytingar vegna fækkunar nemenda í vinnuskólanum.

Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar 2015

Verkfæralisti lok vinnuskóla 2015

Verkfæralisti lok vinnuskóla

2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
stk.	stk.	stk.	stk.	stk.	stk.	stk.	Stk.

Sláttur

Andlitshlífar plast	0	2	2	7	3	5	4	5
Andlitshlífar net + hjálmar og heyrnarhlífar							9	9
Bensín brúsar 5 ltr.	4	7	7	6	6	6	5	5
Bensín brúsar 10 ltr.	3	4	4	4	3	3	3	3
Bensín brúsar 20 ltr.			1	1	1	1	1	1
Bensín rör	3	8	7	7	7	7	6	8
Bensín trektar	3	3	2	2	2	2	2	2
Heyrnarhlífar	1	8	2	13	7	7	4	2
Heygafflar	1	1	1	2	1	1	1	1
Hnífar á orf						16	15	15
Hrífur f. gras	13	13	8	12	6	7	5	3
Hrífur f. grjót	10	9	9	8	5	11	9	8
Hrífur f.gras extra stórar					3	3	3	0
Laufhrífa stór	2	2	2	2	2	2	2	2
Slátturorf	4	6	7	8	9	9	8	8
Slátturskór	10	22 pör	24 pör	24 pör	24	24	24	23
Slátturstígvél	0	0			0	0	0	0
Slátturvélar	4	5	4	5	3	3	3	3
Öryggisbelti fyrir orf	4	7	11	14	11	11	9	8
Öryggisgleraugu	5	12	10	17	7	6	5	3
Verkfæratöskur					4	4	3	3
Verkfæra sett lítið					2	2	2	2
Loftpressa STANLEY og fylgihlutir							1	1

Almenn verkfæri

Arfaklóra *	5	10	11	8	9	6	7	4
Arfasköfur *	5	3	3	2	2	3	3	3
Arfaklóra og skafa *	6	7	22	19	20	15	17	10
Brennari fyrir illgresi	1	1	1	0	1	0	0	0
Fíflajárn	0	0	20	12	10	0	0	0
Gaffall miðlungs	2	0	0	0	0	0	0	0
Greinaklippur	5	12	16	15	7	12	8	8
Hekk klippur	3	4	4	5	5	4	4	4
Kantskeri	3	4	4	2	1	7	7	5
Laufahrífa lítil	1	1	1	1	1	1	1	1
Malarskóflur	3	2	2	5	2	2	1	2

Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar 2015

Malarskóflur miðstærð								3
Plöntuklóra *								
Plöntuskafa og klóra *								
Plöntuskeið breið	2	10	12	12	?	16	11	11
Plöntuskeið mjó	3	2	15	12	?	?	3	2
Plöntuskófla litlar blár						10	9	5
Ruslatínsluprik				2	2	1	0	0
Sandskóflur	3	4	6	1	5	5	4	3
Sópar fínir	7	9	9	9	5	5	5	7
Sópar grófir	18	26	24	12	10	18	17	7
Stéttasköfur 3 stærðir	7	7	14	31	68	61	40	36
Stéttasköfur langar			5	15	4	6	4	3
Stórar klippur			1	1	2	2	2	2
Stunguskófla	5	6	6	5	5	6	6	5
Trjáklippur			3			2	2	2
Vatnskanna/blóma 1,5 ltr.					1	1	1	1
Vatnskanna/blóma 5 ltr.							1	1
Vatnskanna/blóma 10 ltr.					3	4	4	4

Skólinn

Haki	1	1	1	1	1	1	1	1
Hamar					2	4	4 (7)	7
Hjólbörur	5	5	4	4	4	1	1	1
Hjólsög					1	1	1	1
Járnkarl				1	1	1	1	1
Kúbein					2	2	2	2
Málningar ausur	2	2	2	2	2	2	2	2
Málningar bakkar	15	15	15	15	8	8	4	4
Málningar skröpur og spaðar	12	12	6	6	6	6	4	10
Málningar stigi					1	1	1	1
Málningar trappa					1	1	1	1
Málningardósir litlar **	10	10	31	31	25	25	35	35
Málningardósir miðstærð **	1	1	3	3	3	?	11	11
Málningardósir stórar **	2	2	2	2	6	?	11	11
Pensla - rúllur	0	0	4	0	3	0	4	4
Penslar f. Fúa viðarvörn	20	22	14	14	5	5	20	20
Penslar f. málningu	10	30	24	24	34	20	37	37
Snjóskóflur					2	2	2	2
Stingsög					1	1	1	1
Uppvottabursti	7	1	2	1	1	1	1	1
Vaðstígvél pör	3	6	5	5	5	5	5	5
Verkfærakassi á hjólum					1	1	1	1
Verkfærakista svört					1	1	1	1
Vinnuborð					1	1	1	1

Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar 2015

Vinnugallar	10	10	10	10	?	7	7	7
Vírburstapappír	5	5	0	0	0	0	0	0
Vírburstar	10	10	2	4	4	8	5	5
Öryggisvesti appelsínugul	11	9	10	12	?	8	8	8
Öryggisvesti gul	63	58	45	94	?	82	71	58

Vinnutímar unglingar í vinnuskólanum 2014*

Heildarfjöldi tíma	Ísafjörður	Þingeyri	Suðureyri	Flateyri	Alls	Áætlun 2014
8. bekkur	3270	544	342	0	4156	5.000
9. bekkur	4038,5	178	0	0	4216,5	5.250
10. bekkur	1849,5	414	0	0	2263,5	5.500
17 ára	192	0	0	0	192	1.500
18 ára	1080	0	0	0	1080	1.300
Alls:	10430	1136	342	0	11908	18.550

Vinnutímar unglunga í vinnuskólanum 2015*

Heildarfjöldi tíma	Ísafjörður	Áætlun 2015
8. bekkur	4230,5	5000
9. bekkur	3454	5250
10. bekkur	1854	5500
17 ára	344	0
18 ára		0
Alls:	9.882,5	15.750

Skýrsla yfirflokkstjóra

Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar er bæði vinnustaður og skóli sem skapar ungmennum félagslega öruggt, hvetjandi og þroskandi atvinnuumhverfi yfir sumartímann. Markmið hans er að skapa ungmennum í Ísafjarðarbæ öruggan vettvang til vinnuuppeldis. Hlutverk hans er að undirbúa unglíngana undir vinnu á hinum almenna vinnumarkaði. Lögð er áhersla á samskiptareglur, ástundun, vinnusemi og virðingu gagnvart vinnu, yfirmönnum og íbúum svæðisins.

Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar var settur mánudaginn 8. júní. Alls voru 80 unglíngar skráðir til vinnu í vinnuskólanum í upphafi sumars 2015. Starfsmenn vinnuskólans voru í heildina 87 þetta sumar sem er fækkun frá því í fyrra. Unglíngar í 8., 9. og 10. bekk sem störfuðu á Ísafirði voru 64 talsins. Alls voru 2 starfsmenn á aldrinum 17 ára. Á Þingeyri störfuðu 14 unglíngar, á Suðureyri var 1 starfsmaður og á Flateyri starfaði 1 starfsmaður.

Nokkrar deildirnar voru starfræktar. Á Ísafirði starfaði almenn deild og yngri sláttuhópur og unnu þau öll verkefni sem vinnuskólanum var falið að gera. Almenn deild var starfrækt á Þingeyri í sex vikur.

Aðalstöðvar vinnuskólans voru á Ísafirði. Skrifstofa yfirflokkstjóra var að Austurvegi 9 en aðstaða unglínga og vinnuskúr við Fjarðarstræti 16. Aðstaða yfirflokkstjóra var í rými Félagsmiðstöðvarinnar í Austurvegi 9. Heilt yfir var aðstaða vinnuskólans nokkuð góð.

Vinnuskólanum lauk svo föstudaginn 14. ágúst. Tveir flokkstjórar sáu um frágang og yfirflokkstjóri sá um að launatímum ágústmánaðar yrði skilað.

Yfirflokkstjóri

Staða yfirflokkstjóra var auglýst að vori, eins og undanfarin ár, og bárust engar umsóknir. Eva María Einarsdóttir, sem hafði gegnt starfi yfirflokkstjóra sumarið 2014 og flokkstjóra eitt sumar, var ráðin fyrra hluta tímabilsins og Esther Ósk Arnórsdóttir tómstundafulltrúi tók að sér að vinna sem yfirflokkstjóri seinni hluta tímabils vinnuskólans.

Yfirflokkstjóri sem sér um daglegan rekstur vinnuskólans og allt utanumhald. Hann sér um að skila vinnutímum til launadeildar, heldur utan um pantanir viðskiptavina vegna garðavinnu, er í samskiptum við stofnanir sem hafa starfsmenn vinnuskólans í vinnu og skipuleggur verkefni flokka með flokkstjórum. Hann fylgist með því að flokkstjórar skili því starfi sem ætlast er til af þeim og heldur utan um mætingu þeirra. Þá fundar hann reglulega með sviðstjóra skóla- og tómstundasviðs og umhverfisfulltrúa.

Flokkstjórar

Stöður flokkstjóra voru auglýstar að vori og bárust þó nokkrar umsóknir. Í sumar störfuðu alls 5 manns sem flokkstjórar í vinnuskólanum. Það voru Marín Mánadóttir, Óskar Kristjánsson, Ingvar Bjarni Viktorsson, og Ólafur Atli Einarsson sem sáu um almenna deild á Ísafirði. Á Þingeyri sá Sigþór Snorrason um almenna deild.

Hlutverk flokkstjóra er að stjórna daglegu starfi vinnuflokka. Þeir annast verkstjórn, kennslu og vinnuuppeldi. Flokkstjórar ganga eftir því að nemendur starfi samkvæmt reglum vinnuskólans, séu klæddir við hæfi til útivinnu við mismunandi aðstæður og hafi með sér nesti. Einnig halda þeir skýrslu um mætingar og ástundun unglínganna og skrá daglega vinnutíma þeirra.

Flokkstjórar mættu til vinnu 4. júní og sáu um almennan undirbúning. Esther Ósk Arnórsdóttir, yfirflokkstjóri, fór yfir reglur skólans og hlutverk flokkstjóra og yfirflokkstjóra í vinnu. Ralf Trylla, umhverfisfulltrúi, sá um fræðslu um gróður og meðferð sláttuvéla. Auður Ólafsdóttir kom fyrir hönd Rauða kross Íslands og fór yfir grunnatriði í skyndihjálpi.

Flokkstjóri á Þingeyri Sigbór Snorrason hætti störfum þegar vinnuhópurinn þar hafði lokið starfi þann 20. júlí. Þegar leið á sumarið og það fór að fækka verulega mikið í hópnum í almennri deild fækkaði flokkstjórum einnig. Ingvar Bjarni Viktorsson hætti störfum þann 3. júlí og Óskar Kristjánsson hætti störfum þann 24. júlí. Ólafur Atli Einarsson hætti þann 10. ágúst og Marín Mánadóttir hætti í lok síðara tímabilsins þann 14. ágúst.

Launamál flokkstjóra

Flokkstjórar fá greidd laun eftir settum taxa. Flestir flokkstjórar voru einnig með stúdentspróf sem veitti þeim rétt til 4% launahækkunar.

Yfirflokkstjóri fær einnig greidd laun eftir settum taxa en má þó vekja athygli á því að launamunur er lítil á milli flokkstjóra og yfirflokkstjóra. Starf yfirflokkstjóra er ólíkt starfi flokkstjóra en ábyrgðin er mikil. Því má benda á að endurskoða þarf þennan launamun.

Launamál unglunga

Launamál unglunga eru til fyrirmyndar og hafa þeir verið með þeim hæst launuðustu vinnuskólafólksmönnum á landinu síðastliðin ár. Breyting var á launaútborgunum unglunga sumarið 2014. Laun voru greidd mánaðarlega fyrsta hvers mánaðar, en launatímabil unglunga var 16. til 15. hvers mánaðar. Mikilvægt er að kynna þessa breytingu vel fyrir unglungunum og foreldrum eða

forráðamönnum í byrjun næsta vinnusumars, oft kom upp misskilningur vegna þessa.

Eins og fram kemur í kjarasamning um starfsmenn sveitarfélaga nær hann ekki til nemenda vinnuskóla sem starfræktir eru á vegum sveitarfélaga. Með vinnuskóla er átt við starfsemi á vegum sveitarfélaga þar sem börnum er gefinn kostur á samspili vinnu, þjálfunar og fræðslu í sumarleyfi sínu. Í kjarasamningi er skilgreint að með börnum sé átt við einstakling sem er undir 15 ára aldri eða ungmenni sem er í fullu skyldunámi.

Yfirflokkstjóri komst ekki yfir slíkt samkomulag við stéttarfélag. Svo að kjaramál fyrir þennan hóp séu skýr er nauðsynlegt að vinna úr þessu fyrir næsta sumar.

Útseld vinna

Vinnuskólinn hefur tekið að sér að sinna smærri garðverkum fyrir íbúa bæjarins undanfarin ár gegn vægu gjaldi. Í ár fór þetta vel af stað og var eftirspurnin nokkuð jöfn og þétt fram í miðjan júlímánuð. Vinnuskólinn sinnti þessum sérverkefnum, bæði slætti og garðahreinsun. Almenn ánægja var með þessa þjónustu.

Það hefur verið góður vani að minna viðskiptavini á að unglingar sinni þessum störfum og því sé ekki hægt að gera of miklar kröfur. Við séum hvorki með vana starfsmenn né starfsmenn með sérþekkingu í þessum málum en við gerum ávallt okkar besta.

Verkefni á vegum bæjarins

Nú í sumar, sem og undanfarin ár, hefur vinnuskólinn sinnt margvíslegum verkefnum fyrir Ísafjarðarbæ. Þar má helst nefna ruslatínslu og stéttarsköfun. Einnig má nefna beðahreinsanir og við við gert það í samstarfi við garðyrkjustjóra

Ísafjarðarbæjar. Stéttarsköfun fór vel af stað en tók sinn tíma. Reynt var að salta göturnar eftir á til að koma í veg fyrir eða seinka sprettu á illgresi. Það bar nokkurn árangur, uppspretta illgresis á svæðum sem ekki höfðu verið söltuð var meiri en á flestum þeim svæðum sem höfðu verið söltuð.

Vinnuskólinn sá um umhirðu á beðum við púttvöllinn, við Safnahúsið, framan við Sólborg, í kringum Torfnæs og við Hlíf. Einnig hreinsaði hann steinabeð við Byggðasafnið. Garðurinn og brekkan fyrir aftan dvalarheimilið Hlíf er í mjög slæmu ásigkomulagi, hellur eru ójafnar og erfitt er fyrir eldra fólk að fara þar um. Nauðsynlegt er að bæta þessa aðstöðu.

Opin leiksvæði

Vinnuskólinn sá ekkert um opin leiksvæði þetta árið.

Verfæri og áhöld

Notkun verkfæra var vel skráð í sumar. Öll verkfæri skiluðu sér frá Þingeyri, allir flokkstjórar fylgdust með að farið væri vel með verkfærin og þeim skilað í lok dags. Mörg hver af verkfærum vinnuskólans eru þó komin til ára sinna. Það þarf að endurnýja mikið af verkfærum fyrir næsta sumar.

Öryggi

Starfsmenn vinnuskólans klæðast gulum öryggisvestum við vinnu sína en flokkstjórar klæddust appelsínugulum vestum. Þetta er mjög góð regla sem hefur orðið að góðum vana.

Vinnuskólinn hefur komið sér upp vinnureglum um slátt og málningarvinnu til að tryggja vinnuöryggi. Starfsmönnum voru kynntar þær reglur og unnið var eftir þeim.

Bílar

Í sumars var bílakostur alls ekki nægilega góður. Vinnuskólinn hafði aðgengi að tveimur bifreiðum. Annar bíllinn fór yfir á Þingeyri, sem flokkstjóri þar hafði til afnota. Á þessum tíma var oft erfitt að skipuleggja brýn verkefni á Suðureyri, Flateyri, í Hnífsdal og Holtahverfi.

Þörf var á því að vinnuhópar frá Ísafirði færu á Suðureyri og Flateyri í almenn verkefni. Vegna bílakosts var aðeins hægt að taka lítinn hóp með í þau verkefni, því unnust þau hægar. Ljóst er að ekki henta hvaða bílar sem er til nota í vinnuskólanum. Þörf er að vinnuskólinn hafi góðan bíl til taks fyrir almenna deild til að sinna verkefnum sem bíða lengra frá.

Suðureyri

Aðeins var einn starfsmaður sem skilaði inn umsókn, hann óskuð eftir að fá að vinna á Suðureyri. Og fékk að vinna á leikskólanum Tjarnabæ á Suðureyri. Samtarf við leikskólann gekk mjög vel í sumar.

Almenn deild frá Ísafirði fór 3 vinnuferðir og vann á Suðureyri, hún sá um að stéttaskafa götur bæjarins ásamt því að salta í á eftir, einnig var rusl hreinsað.

Þingeyri

Á Þingeyri höfðum við heilan flokk í vinnu sem starfaði í 6 vikur. Sigbór Snorrason var flokkstjóri og var mikil ánægja með hann og það starf sem vinnuskólinn innti af hendi undir hans stjórn. Mjög gott samstarf var milli yfirflokkstjóra og flokkstjóra, enda var frumkvæði og vinnusemi flokkstjóra til fyrirmyndar.

Þar var unnið við alla almenna umhirðu, auk þess sem runnar voru klipptir og einstaka málningarverkefnum sinnt.

Flateyri

Ein umsókn barst þar sem óskað var eftir því að fá vinnu á Flateyri. Starfsmaðurinn óskaði eftir því að vinna á leikskólanum Grænagarði, það gekk eftir og var samstarfið mjög gott.

Almenn deild frá Ísafirði fór 3 vinnuferðir til Flateyrar yfir sumarið. Mikil órækt var á svæðinu sem gerði verkefnin tímafrek, það náðist þó að fara yfir þau svæði sem voru verst útlítandi. Þá var borið á girðinguna umhverfis sparkvöllinn.

Aðbúnaður unglunga

Í sumar hefur aðbúnaður unglunganna verið góður. Lítið bar á því að unglingarnir kæmu illa búnir til vinnu.

Vinnutími unglunga

Vinnutími unglunganna hefur haldist óbreyttur og er frá klukkan 8 á morgnanna til klukkan 14 á daginn, með kaffitíma á milli 10:30-11:00. Á Þingeyri var breyttur vinnutími og var hann frá klukkan 8 á morgnana til klukkan 12 á hádegi, kaffitími var frá kl 10:00-10:20

Vinnutími flokkstjóra

Flokkstjórar eiga að vera mættir til vinnu 15 mínútum fyrir klukkan 8 á morgnanna, svo þeir séu komnir á undan unglungunum og klárir með verkfæri og verkefni dagsins þegar unglingarnir mæta. Flokkstjórar þurfa að hafa auga með hóp sínum í matartíma.

Flokkstjórar hafa átt að fá matarhlé frá klukkan 14-14:30, en þegar mikið er að gera í vinnuskólanum fyrstu vikunnar getur hann dottið upp fyrir. Það er því mikilvægt að fylgjast með því að frí sé tekið á móti þessari vinnu, þar sem ekki er greidd yfirvinna. Með þessu fylgdumst við vel í sumar og var tekið frí upp á móti unnum tímum.

Skipting í tímabil

Í sumar voru vinnutímabilin tvö. Þann 13. júlí hófst seinna tímabil. Allir þeir sem sóttu um innan tímamarka fengu að vinna á því tímabili sem óskað var eftir. Lítið var um það að umsóknir bárust seint.

Fjöldatakmörkanir í hópa

Vinnuhópur í vinnuskólanum ætti að vera í mesta lagi 12-15 unglingar á hvern flokkstjóra. Með því er hægt að hafa betri umsjón með krökkunum og fullnægjandi eftirfylgni með verkefnum. Þetta tókst mjög vel í sumar þar sem vel hafði verið hugað að starfsmannamálum fyrir sumarið.

Sérverkefni

Vinnuskólinn hefur verið í miklu samstarfi við ýmsar stofnanir og félög um vinnuuppeldi unglunga og hafa krakkarnir getað sóst eftir að fá að sinna sérverkefnum. Sérverkefni hafa orðið stór hluti af starfinu, vinnuskólinn var í samstarfi við 11 stofnanir og félög í sumar. Mikil vinna er við að halda utan um skipulag og vinnutíma í þessum verkefnum.

Starfsmenn vinnuskólans unnu á leikskólum Ísafjarðarbæjar; Sólborg, Eyrarskjól, Tjarnarbæ og Grænagarði. Íþróttamannvirki voru einnig með starfskrafta vinnuskólans á Torfnesi og í íþróttamiðstöðinni á Þingeyri. Eins og

síðustu ár unnu starfsmenn á Golfvellingum í Tungudal allt sumarið. Einnig voru vinnuskólakrakkar að aðstoða Sæfara á siglingarnámskeiðum hjá þeim. Unnið var á ýmsum leikjanámskeiðum í sumar, það voru námskeið Rauða Krossins, HSV og í Holti.

Samstarf við forráðamenn sérverkefnanna var mjög gott, það auðveldaði utanumhald mikið.

Agamál

Lítið var um agamál í vinnuskólanum en til eru skýrar reglur til að framfylgja í þess háttar málum. Stafsmönnum voru kynntar reglurnar í byrjun sumars og var því vel unnið að málum þegar þau komu upp. Ekki kom til brottreksturs starfsmanna úr vinnuskólanum, en þó kom upp atvik þar sem starfsmanni var vísað heim.

Liðveisla

Síðustu ár hafa nokkrir starfsmenn vinnuskólans þurft á liðveislu að halda en í sumar var þó breyting á því og enginn starfsmaður var með liðveislu.

Fræðsla

Margir krakkar eru að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði í Vinnuskóla Ísafjarðarbæjar. Hann er bæði vinnustaður og skóli sem skapar ungmennum öruggan vettvang til vinnuuppeldis. Hlutverk Vinnuskólans er að undirbúa unglingana undir vinnu á hinum almenna vinnumarkaði. Ásamt því að kenna grundvallaratriði í vinnubrögðum og notkun verkfæra er lögð áherslu á að veita fræðslu sem nýtist til frambúðar.

Í sumar, líkt og seinustu sumur, fengum við fræðslu frá Verkalýðsfélagi Vestfirðinga. Þar sá Finnbogi Sveinbjörnsson um mjög mikilvæga fræðslu. Hún

samanstóð að því að fræðast um réttindi á vinnumarkaði, hlutverk verkalýðsfélaga og hvernig lesa skyldi í launaseðla. Þessi fræðsla skilaði sér mjög vel til unglínganna. Þeir voru duglegir við að koma til yfirflokkstjóra og spyrja út í hin ýmsu mál.

Uppskeruhátíðir

Vinnuskólinn var duglegur í að halda uppi góðu félagslífi. Ásamt ýmsum uppákomum yfir sumarið gafst oft tilefni til, þegar að verkefni gengu vel, að fara í leiki og hafa gaman að. Flokkstjórar voru duglegir í að virkja starfsmenn til samvinnu og huguðu að hópefli.

Við lok fyrsta tímabils var haldin smá samkoma þar sem unglíngarnir fengu svara og prins pólo. Þegar að leið á síðara tímabil sumarsins og hlýtt var í veðri var ákveðið að halda upp á vel unnið starf með því að bjóða starfsmönnum ís í brauði og njóta sólarinnar saman.

Á síðari hluta tímabils fór vinnuskólinn í Raggagarð í Súðavík og vann þar hluta af degi og fékk síðan fræðslu um garðinn og reyna sig í tækjunum, krakkarnir gróðursettu tré og þetta var frábær dagur. Grillaðir voru hamborgarar og krakkarnir fengu svaladrykk með.

Allir starfsmenn vinnuskólans skilja sáttir við vinnu sína í sumar, enda er starfið ánægjulegt, gefandi og þroskandi.

Breytingar

Næsta sumar er lagt til að gerðar verði nokkrar breytingar á vinnuskólanum. Flokkstjórar byrji að vinna í kringum 20.-25. maí, þeir byrji í vinnu hjá garðyrkjudeild þar sem þeir fá fræðslu og leiðsögn hvernig skal hreinsa beð, hvernig á að klippa tré og fleira tengt gróðri. Einnig fara flokkstjórar á skyndi-hjálparnámskeið.

Vinnu unglínganna verði einnig breytt. Undanfarin ár hefur vinnuskólinn verið frá byrjun júní til miðjan ágúst en breyting yrði þannig að unglíngarnir byrjuðu að vinna í byrjun júní fram í endaðan júlí. 8 bekkur fær að vinna í 6 vikur, 9. bekkur í 7. vikur og 10. bekkur í 8 vikur.

Í byrjun ágúst geta svo flokkstjórar unnið í garðyrkjudeilt til miðjan ágúst.